

íð ákvæði 1. og 2. gr. laganna nr. 34 frá 3. nóvember 1915 um dýraverndun. Lögin bera það raunar með sjer, án þess að þau geti þess beint, að ákvæðum þeirra er aðallega ætlað að taka yfir illa meðferð á alidýrum; en lögunum getur þó ekki verið ætlað að taka aðeins til dýra af þeim tegundum sem höfð voru hjer á landi sem alidýr, er lögin tóku gildi, heldur og til dýra af öðrum tegundum, sem tekin eru og höfð í haldi sem alidýr meðan greind lög eru í gildi. Því ekkert mælir með því, að löggjafinn hafi getað ætlast til að þau dýr frekar en hin væru utan við lög og rjett.

Refsing sú, sem kærður hefir til unnið samkvæmt 1. gr. dýraverndunarlaga, þykir hæfilega ákveðin 50 kr. sekt í ríkissjóð. Svo greiði hann og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 11. maí 1925.

Nr. 14/1925.

**Rjettvísín** (Pjetur Magnússon)  
gegn

**Guðmundi Björnssyni** (Jón Ásbjörnsson)  
**og Bjarna Finnbogasyni** (L. Fjeldsted).

Brot gegn 253. gr. hegningarlaga.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 16. febr. 1925:  
Ákærður Guðmundur Björnsson sæti 14 daga einföldu fangelsi.

Ákærður Bjarni Finnbogason sæti 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Svo greiði og ákærður Bjarni Finnbogason málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. juris. Magnúsar Magnússonar, 30 kr., en allan annan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði báðir ákærðir, annar fyrir báða og báðir fyrir annan.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur hæstarjettar.

Hjeraðsdómarinn hefir rjettilega heimfært brot ákærða Bjarna Finnbogasonar undir 253. gr. alm.

hegningarlaga, og með því að hæstirjettur fellst einnig á refsingu þá, sem ákærði er dæmdur til, ber að staðfesta aukarjettardóminn að þessu leyti.

Ákærði Guðmundur Björnsson undirritaði eyðublöð að tjekkum á Landsbankann og setti nafn sitt aftan á þau, og veitti um leið meðákærða Bjarna Finnbogasyni ótakmarkaða heimild til að útfylla eyðublöðin og láta þau af hendi til greiðslu á vörum þeim, er Bjarni ætlaði að kaupa fyrir ákærða, án þess að hann ætti þá nokkurt fje í bankanum til að innleysa tjekkana, þá er þeim yrði framvísað, eða hefði nokkra vissu eða jafnvel líkur til að geta það. Ákærði hefir með þessum hætti gerst samsekur meðákærða Bjarna Finnbogasyni um refsiverða notkun verðlauss gjaldeyris, og verður einnig að heimfæra brot hans undir 253. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, en eftir atvikum málsins, og sjerstaklega vegna þess að hann hefir játað brot sitt hreinskilnislega og undandrátarlaust, þykir mega ákveða, samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og að hún skuli niður falla að 5 árum liðnum frá uppsögn dóms þessa, ef ákærði fullnægir lögmaeltum skilyrðum.

Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað í hjeradi ber að samþykkja. Hvor hinna ákærðu greiði 80 krónur til skipaðs verjanda síns fyrir hæstarjetti. Allan annan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal 120 krónur í málf lutningskaup til skipaðs sækjanda fyrir hæstarjetti, greiði hinir ákærðu in solidum.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Bjarni Finnbogason sæti 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði Guðmund-

ur Björnsson sæti sömuleiðis 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, en fullnustu refsingar hans skal fresta og skal hún niður falla að liðnum 5 árum frá uppsögn þessa dóms, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað skulu vera óröskuð. Ákærði Guðmundur Björnsson greiði verjanda sínum fyrir hæstarjetti, Jóni hæstarjettarmálflutningsmanni Ásbjörnssyni, 80 krónur, og ákærði Bjarni Finnbogason greiði einnig verjanda sínum fyrir hæstarjetti, Lárusi hæstarjettarmálflutningsmanni Fjeldsted, 80 krónur, í málsvarnarlaun.

Allan annan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal 120 krónur til skipaðs sækjanda málsins, Pjeturs hæstarjettarmálflutningsmanns Magnússonar, greiði hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er löglega sannað í máli þessu, sem höfðað er eftir fyrirmælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins af rjettvisinnar hálfu gegn Guðmundi Björnssyni til heimilis á Framnesveg 1C og Bjarna Finnbogasyndi, sem kveðst eiga heimili í Kaupmannahöfn, með eigin játningu ákærðra, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í því, að þeir hafa gerst sekir í athæfi því er nú skal greina.

Seinni hluta vetrarins 1924 kom það til tals milli ákærðra að Bjarni, sem ætlaði til útlanda þá með vorinu, skyldi í utanför sinni kaupa vörur fyrir Guðmund og senda honum til Reykjavíkur. Í þessu skyni gaf Guðmundur Bjarna, „ubegrænset Fuldmagt

til at købe Varer . . . . til et Beløb som dog ikke overstiger 65000 d. Kr. og i Forbindelse derved udlevere Chekker og Veksler, som jeg selv har undeskrevet og udleveret ham". Umbod þetta, sem hinar auðkendu setningar hjer að ofan eru teknar úr, undirritaði Guðmundur Björnsson 2. maí 1924, sama daginn eða daginn áður en Bjarni lagði á stað til útlanda.

Jafnframt því að ákærðir komu sjer saman um ofannefnd vörukaup, varð það einnig að samkomulagi á milli þeirra, að Guðmundur skyldi samþykkja víxla, gefa út og framselja tjeikka og afhenda Bjarna til þess að hann greiddi með þeim vörurnar. Sama daginn og Guðmundur gaf Bjarna framannefnt umbod samþykkti hann því allmikið af víxlum, undirskrifaði og framseldi 10—15 tjekkávisanaeyðublöð ódagsett og óútfyllt að öðru leyti og afhenti Bjarna, sem átti að dagsetja víxlana og tjekkávisanirnar og fylla út að öðru leyti, eftir því, sem þörf gerðist, og í fyrnefndum tilgangi. Tjekkávisanir þessar eru gefnar út á ávisanaeyðublöð frá Landsbanka Íslands; þau lagði Bjarni til og hafði hann náð í þau úr dóti O. J. Havsteen, heildsala, hjer í bænum. Þegar Guðmundur gaf ávisanirnar út, átti hann ekkert fje inni í Landsbankanum, enda skýrði hann Bjarna greinilega frá því. Komu ákærðir sjer því saman um, að Bjarni skyldi dagsetja ávisanirnar fram í tímann svo mikið, að þeim yrði ekki framvísað til greiðslu í Landsbankanum fyr en Guðmundur hefði fengið vörurnar og haft ráðrúm til að koma þeim í peninga.

Guðmundur bað Bjarna þess sjerstaklega að megnið af vörunum yrði yfirbreiðslur (presenningar) og vefnaðarvörur, enda kvaðst hann þá hafa haft mjög góða aðstöðu til að koma þeim vörutegundum (yfirbreiðslunum) fljótt í peninga.

Ennfremur óskaði hann eftir því, að Bjarni greiddi vörurnar frekar með víxlum en tjekkum ef því yrði viðkomið.

Bjarni fer nú til útlanda, eins og áður er frá sagt, og 19. maí kaupir hann vörur í Kaupmannahöfn af Frode nokkrum Hansen, fyrir danskar kr. 2268,00, að því er hann sjálf segir. Fyrir upphæð þessari útfyllir hann eina af tjekkávisunum frá Guðmundi, dagsetur hana í Reykjavík 25. maí 1924 og afhendir vöruseljandanum, sem greiðslu fyrir vörurnar, án þess að geta um að nokkuð væri við ávisun þessa að athuga, enda þótt hann hlyti að sjá að móttakandi tók á móti tjekkávisuninni sem greiðslu í þeirri trú, að útgefandi hennar ætti nægilega mikið inni í banka þeim, sem

hún var stíluð á, eða að svo mundi að minsta kosti verða, þegar ávísuninni yrði framvísað.

Vörurnar sendi Bjarni þingað til Reykjavíkur og greiddi farmgjaldið með því að útfylla og afhenda, sem greiðslu 180 króna tjekkávísun frá Guðmundi. Þessa ávísun afhenti hann og án þess að geta um að útgefandi ætti ekki inni fyrir henni.

Í júnímánuði var Guðmundi tilkynt frá afgreiðslu „Sam-einada gufuskipafjelagsins“ að hann ætti þar vörur. Guðmundur fór þangað og athugaði vörurnar, sem hann vissi að vera myndi sending frá Bjarna. En við þessa athugun komst Guðmundur að raun um, að vörurnar voru alt aðrar, en hann hafði beðið Bjarna að útvega. Þessar vörur voru hálsfestar, fægilögur, rottueitur o. fl. Guðmundur vildi ekkert með vörurnar hafa þar sem hann áleit þær lítt seljanlegar og veitti þeim því aldrei móttöku.

Frode Hansen framseldi nú þriðjamanni tjekkávísunina og komst hún þannig í hendur kærandsins í þessu máli, Christian Elton heildsala, sem gerði tilraun til að fá ávísunina greidda en komst þá að raun um, að útgefandi hennar Guðmundur Björnsson átti ekkert inni í Landsbankanum og hafði aldrei átt á tímabilinu frá 19. maí til þess tíma, er ávísunin var sýnd til greiðslu í Landsbankanum. Ávísunin var þá einnig sýnd Guðmundi og þess farið á leit, að hann greiddi hana, en hann neitaði því.

Af því sem að framan er sagt telur rjetturinn nægilega sannað, að ákærður Bjarni Finnbogason hafi athugasemdalaust afhent nefndar tjekkávísanir enda þótt hann hlyti að sjá að móttakendur byggust við að útgefandi ætti inni fyrir þeim, vitandi það að þær voru verðlausar, þar sem honum var kunnugt um að útgefandi þeirra átti ekkert inni í Landsbankanum, að hann var efnalítill eða efnalaus og að vörurnar, sem hann sendi, voru alls ekki eða lítt seljanlegar hjer á landi, svo hann hlaut af því að sjá, að ekki var unt fyrir Guðmund að koma þeim í peninga á næstunni.

Ákærðir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Guðmundur Björnsson er fæddur 17. ágúst 1876, en Bjarni Finnbogason 24. mars 1898, og hafa þeir eigi áður verið dæmdir fyrir hegningarlagabrot.

Framantalið afbrot ákærðs Guðmundar Björnssonar heyrir að áliti rjettarins undir 259. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið fyrir það, hæfilega ákveðin 14 daga einfalt fangelsi.

Brot ákærðs Bjarna Finnbogasonar heyrir að áliti rjettarins

undir 253. gr. sömu laga og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin 3×5 daga fangelsi við vatn og brand.

Til iðgjalds hefir engin krafa verið gerð.

Ákærður Bjarni Finnbogason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. juris Magnúsar Magnússonar, er ákveðst 30 krónur. Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði báðir ákærðir in solidum.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

---

Miðvikudaginn 13. maí 1925.

Nr. 31/1924. **O. Ellingsen f. h. eigenda og vátryggjenda kuttersins „Isabella“**  
(B. P. Kalman)

gegn

**Guðmundi Ólafssyni f. h. eigenda og vátryggjenda b/v. „Veresis“.**  
(Enginn).

Útaf skaðabótum og björgunarlaunum.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 16. júní 1923: Aðalstefnandi, Guðmundur Ólafsson f. h. eigenda og vátryggjenda b/v. „Veresis“ og gagnstefnandi O. Ellingsen f. h. eigenda og vátryggjenda kúttur „Isabella“, eiga að vera sýknir hvor af annars kröfum í þessu máli og málskostnaður bæði í aðalsök og gagnsök að falla niður.

### Dómur hæstarjettar.

Máli þessu er skotið til hæstarjettar samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 14. júní f. á. með stefnu útgefinni 10. júlí sama ár.

Stefndi hefir eigi mætt í málinu í hæstarjetti og hefir það því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstarjettarlaganna og dæmt samkv. N.L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.